

Níundi fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn mánudaginn 31. mars 2014 kl. 14:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Erla Ósk Pétursdóttir, fulltrúi SSS

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður

Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn og bauð Björk Guðjónsdóttur, varafulltrúa Náttúrustofu Suðvesturlands, velkomna á sinn fyrsta fund. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Síðustu fundir og uppákomur

Forstöðumaður fór yfir fundi og uppákomur setursins síðustu mánuði, en talsvert hefur verið um að vera. Ber þar helst að nefna fyrsta ársfund þekkingarsetra og sambærilegra stofnana sem haldinn var í Þekkingarsetri Suðurnesja 13. febrúar síðastliðinn. Þar hittust forstöðumenn þeirra stofnana sem teljast til þekkingarsetra skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Annar slíkur fundur verður að ári í Þekkingarsetrinu á Blönduósi.

Menntateymi sjávarklasans, sem Þekkingarsetrið er aðili að, fundaði í Reykjanesbæ 5. mars síðastliðinn. Rætt var um hversu vel samstarfið gengur og hverju það er að skila en fjöldi nemendaverkefna hafa til dæmis komið út úr þessari vinnu fyrir nemendur Keilis. Stefnt er að fundi fyrir sjávarútvegsfyrirtæki í Sandgerði og Garði fljótlega.

2. Tíðindi frá Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum

Stjórnarformaður sagði frá breytingum hjá Náttúrustofu Suðvesturlands en Gunnar Þór Hallgrímsson, forstöðumaður Náttúrustofunnar, fór í ársleyfi frá og með 1. febrúar síðastliðnum. Sunna Björk Ragnarsdóttir, líffræðingur hjá Þekkingarsetrinu, var ráðin sem staðgengill hans í eitt ár. Sigrún óskaði eftir samþykki stjórnar fyrir því að forstöðumaður Þekkingarsetursins héldi utan um fjármál Náttúrustofunnar næsta árið og var það samþykkt einróma. Stjórn Náttúrustofunnar mun fjalla um það á næsta fundi hvort greiða eigi fyrir þá vinnu sérstaklega.

Forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum fór yfir helstu verkefni setursins þetta árið. Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra HÍ var haldinn í mars síðastliðnum. Upplýsingum frá fundinum var dreift til stjórnar. Helstu verkefni sem unnið er að hjá Rannsóknasetrinu í ár eru Pristine Arctic verkefnið þar sem áhrif olíumengunar í hafi á sjávarlífverur eru rannsökuð, kræklingalirfuverkefni í samstarfi við kræklingaræktendur hjá Vogaskel, rannsóknir á biomarkerum í tengslum við fuglaflensurannsóknir Náttúrustofunnar og umsjón með fjörurannsóknum hjá Rannsóknastöð Þekkingarsetursins sem markmiðið er að verði orðin sjálfbær að þessu ári liðnu. Í byrjun árs sá Halldór einnig um kennslu og sjóferðir hjá Sjávarútvegsskólanum – Háskóla Sameinuðu þjóðanna svo eitthvað sé nefnt.

3. Ársfundur Þekkingarsetra 2014

Drög að ársreikningi Þekkingarsetursins 2013 eru tilbúin og voru kynnt fyrir stjórn. Ákveðið að halda ársfundinn þriðjudaginn 6. maí kl. 16:00. Stjórn hittist kl. 15:30 sama dag.

4. Tillaga um formlegt samstarf við Keili vegna rannsóknastöðu

Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, nefndi formlegt samstarf á milli Þekkingarsetursins og Keilis vegna rannsóknastöðu við forstöðumann setursins nýlega. Forstöðumaður og stjórn eru sammála um að slíkt samstarf sé jákvætt og geti gagnast báðum stofnunum vel. Erla Ósk, framkvæmdastjóri Codland, nefndi að unnið sé að samstarfssamningi á milli Keilis og Codlands og ræddi stjórn hvort að sá samningur gæti ekki verið þríhliða þannig að Þekkingarsetrið kæmi inn í samstarfið. Erla og Sverrir munu ræða þennan möguleika við Hjálmar.

5. Málafni sýninga Þekkingarsetursins

Stjórnarformaður fjallaði um samning á milli Sandgerðisbæjar og Þekkingarsetursins vegna sýninganna í húsnæði setursins. Stjórn hafði fengið drög að samningnum sendan fyrir nokkru síðan og samþykkti hann einróma. Samningurinn verður undirritaður í vikunni.

Fundur var haldinn þann 19. mars til að fara yfir málafni sýningarinnar Heimskautin heilla. Á fundinum voru boðaðir Sigrún, Halldór, Hanna María, Jörundur Svavarsson og Friðrik Rafnsson en þeir voru verkefnisstjórar um uppsetningu sýningarinnar á sínum tíma og hafa mikið komið að kynningu á henni, samskiptum við Franska sendiráðið og fjölskyldu Charcot. Á fundinum var ákveðið að mynda fagråd sem fundar a.m.k. einu sinni á ári um málafni sýningarinnar. Lagt var til að Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra HÍ yrði fulltrúi HÍ. Að auki yrðu Halldór, Jörundur, Friðrik, Sigrún og Hanna María í ráðinu. Stjórn samþykkti að fagráðið yrði stofnað og að unnið yrði að samþykkt eða reglum varðandi sýninguna. Hanna María mun setja saman drög að þeim.

6. Umræða um stefnu Þekkingarsetursins

Stjórnarformaður sagði frá því að hún, Halldór og Hanna María hefðu fundað í lok janúar til að ræða stefnu setursins og þá sérstaklega í tengslum við samstarf stofnananna þriggja sem í

húsinu eru. Fundargerð fundarins var kynnt fyrir stjórn. Rætt var um niðurstöðu fundarins og var stjórn sammála því að mikilvægt sé að leggja áherslu á öflun styrkja og að gæta þess að dreifa kröftum ekki of mikið. Stefnan verður að vera skýr. Þá var sammælt um að talað yrði um Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands sem stoðstofnanir Þekkingarsetursins eins og gert hefur verið hingað til. Ákveðið að Hanna María vinni niðurstöður fundarins inn í þá stefnumótunarvinnu sem búin er svo senda megi heildstæða stefnu á stjórn fyrir ársfundinn til samþykktar.

7. Önnur mál

- a) Sigrún sagði frá því að von er á nýsköpunarfyrirtæki í bæinn, en forsvarsmáður fyrirtækisins hefur talsvert nýtt aðstöðuna hjá Þekkingarsetrinu til rannsókna og kennslu.
- b) Hanna María lagði til að formlega yrði sótt um aðild fyrir Þekkingarsetrið að Reykjanes jarðvangi. Stjórn styður það og samþykkir en Sigrún mun ræða upphæð árgjalds við stjórnarformann jarðvangsins þar sem Þekkingarsetrið er ekki rekið í hagnaðarskyni og hefur takmarkaða fjármuni til ráðstöfunar.
- c) Hanna María fer í fæðingarorlof um miðjan ágúst næstkomandi og lagði fram fyrirkomulag þess. Sigrún lagði til að Eydís Mary Jónsdóttir verði ráðin sem staðgengill forstöðumanns í 50% starfshlutfall frá 1. ágúst 2014 til 15. júlí 2015 og samþykkti stjórn það.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Sigrún Árnadóttir - SIGN

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

Erla Ósk Pétursdóttir - SIGN

Sverrir Guðmundsson - SIGN

Björk Guðjónsdóttir - SIGN

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN